

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/1464  
komudagur 24.3.2009

**SFF**  
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 24. mars 2009

Viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frv. til l. um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (þagnarskylda), og lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, nr. 30/2003 (upplýsingagjöf). Þskj. 588 – 345. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp. Samtökin telja nokkra ágalla á frumvarpinu eins og nánar verður komið að hér á eftir.

SFF leggja ríka áherslu á að gera verður skýran greinarmun á upplýsingagjöf á þeim sjóðum sem slitið hefur verið í kjölfar bankahrunsins annars vegar og almennrar upplýsingagjafar verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða sem áfram starfa hins vegar.

#### **Upplýsingagjöf starfandi verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða.**

Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við hugmyndir sem fram koma í frumvarpinu um upplýsingagjöf starfandi verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða.

Ítarleg ákvæði um upplýsingagjöf starfandi verðbréfasjóða er að finna í tilskipun ESB nr. 85/611/EEC sbr. 28. gr. tilskipunarinnar og viðauka B. Ákvæði þessi eru innleidd í H. lið II. kafla laga nr. 30/2003 varðandi verðbréfasjóði og með 52. gr. varðandi fjárfestingasjóði, reglugerð nr. 792/2003 og reglugerð nr. 97/2004.

Framangreindar reglur byggja samræmdri og ítarlegri upplýsingagjöf evrópskra verðbréfasjóða um eignir verðbréfasjóða. Einstaklingsbundin upplýsingagjöf eins og gert er ráð fyrir um eignir og viðskipti verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða samræmist ekki slíkri jafnræðisreglu um opinberlega aðgengilegar upplýsingar. Upplýsingagjöf þessi, sem ekki væri opinber, mismunar þannig fjárfestum með óeðlilegum hætti sem að öllum líkindum er í andstöðu við tilskipun 85/611/EEC.

Upplýsingagjöf eins og frumvarpið gerir ráð fyrir er samkvæmt framansögðu ekki í samræmi við þær samræmdu evrópsku reglur sem fylgt hefur verið hér á landi eða í samræmi við upplýsingagjöf sjóða í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Þá skaðar svo rík upplýsingagjöf viðskiptahagsmuni sjóða þar sem samkeppnisaðilar geta nýtt sér upplýsingarnar á óeðlilegan máta.

Óheppilegt er að fjalla um fjárfestingarsjóði í II. kafla sem fjallar eingöngu um verðbréfasjóði.

Í 3. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að nýrri 51. gr. a. laga nr. 30/2003. Gerð er athugasemd við óskýrt orðalag greinarinnar. Vísað er til yfirlita yfir fjármálagerninga sjóðs. Í 1. gr. frumvarpsins er hins vegar ekki vísað til yfirlita yfir fjármálagerninga sjóðs heldur yfirlita yfir allar fjárfestingar og sölur verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða. Bent er á að ekki er samræmi milli þessara ákvæða. Ekki verður séð að yfirlit yfir allar fjárfestingar og sölur verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða þjóni þeim tilgangi sem að er stefnt í frumvarpinu. Yfirlit yfir fjármálagerninga í eigu sjóðs t.d. yfirlit yfir 10 stærstu eignir sjóðs við hver mánaðarmót væri skynsamlegri upplýsingakvöð. Þá væri æskilegt að slík upplýsingagjöf væri ekki bundin við óskir einstakra hlutdeildarskírteinishafa heldur ætti sér stað með opinberri birtingu sem allir fjárfestar hefðu jafnan aðgang að.

Sú upplýsingagjöf starfandi sjóða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, yrði ef að verður mjög kostnaðarsöm fyrir sjóði. Kaupa þyrfti ný kerfi til að sjóðirnir geti haft slíkar upplýsingar aðgengilegar. Þá þyrfti að leggja út í mikinn endurskoðendakostnað þar sem sjóðum væri ekki stætt á að láta frá sér slíkar upplýsingar nema þær hafi áður verið endurskoðaðar. Kostnaðurinn myndi lenda á þeim aðilum sem fjárefsta í sjóðunum. Verður því að gera kröfu til þess að róttækar breytingar sem þessar, sem ekki eiga sér fordæmi innan EES svæðisins, verði skoðaðar vandlega og í samráði við alla markaðsaðila.

Bent er á að FME hefur eftirlit með allri starfsemi verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Ber sjóðum að skila ítarlegum skýrslum til FME. Eftirlitið hefur síðan víðtækar heimildir til frekari upplýsingagjafar og gagnaöflunar. Framangreindar kröfur til upplýsingagjafar til einstakra fjárfesta ganga þó mun lengra en regluleg upplýsingagjöf til FME. Skýtur það skökku við.

### **Upplýsingagjöf verðbréfasjóða og fjárfestingasjóða sem hefur verið slitið.**

Að mati samtakanna eiga önnur sjónarmið en að framan greinir við um sjóði sem hefur verið slitið. Samtökin taka undir það sjónarmið að ástæða sé til ríkrar skyldu til upplýsingagjafar þegar sjóði hefur verið slitið.

Rétt er þó að gera athugasemdir við óskýrt orðalag frumvarpsins. Í tillögu að 2. mgr. 51. gr. a. er vísað til að verða skuli við beiðni um tiltækar upplýsingar er tengjast einstökum fjármálagerningum. Ekki er ljóst við hvað er átt með þessu orðalagi í frumvarpinu. Gera verður kröfu til þess að afmarkað verði betur til hvaða gagna verði sé að vísa. Bent er á að orðalag þetta er ekki í samræmi við tillögu að 2. ml. 58. gr. laga nr. 161/2002 þar sem vísað er í tiltækar upplýsingar um allar fjárfestingar og sölur síðustu 24 mánuði fyrir slit. Með sama hætti verður að gera kröfu til þess að orðalag þetta verði skýrt nánar og afmarkað betur til hvaða gagna verði sé að vísa.

Bent er á að með frumvarpinu er verið að leggja til afturvirka upplýsingagjöf. Slík upplýsingagjöf getur verið torveld og kostnaðarsöm þar sem kerfi og varðveisla gagna miðaði við þær kröfur um upplýsingar sem í gildi voru á þeim tíma. Verður að taka tillit til þessara aðstæðna við lagasetningu um þetta efni.

Lagt er til að upplýsingagjöf samkvæmt frumvarpinu verði bundin við yfirlit yfir alla fjármálagæringa í eigu sjóðanna sem hefur verið slitið. Slík yfirlit geti náð til ákveðinna tímabila. Samtökin telja að slík yfirlit gefi mun betri mynd af þróun mála hjá sjóðum heldur en yfirlit yfir hreyfingar. Verði ekki fallist á þessi rök er lagt til að hreyfingayfirlit verði samdregin á mánaðarlegum grunni og þannig dregið úr þeim kostnaði sem mun óhjákvæmilega hljóttast af hinni afturvirku upplýsingakvöð.

Þá telja samtökin að óþarft sé að gera þær breytingar á þagnarskyldu sem lagðar eru til í 1. og 2. gr. frumvarpsins. Fullnægjandi sé að kveða á um rétt hlutdeildarskírteinishafa til að fá upplýsingar um sjóð í breytingum á lögum nr. 30/2003. Ekki verður séð með hvaða hætti þagnarskylduákvæði laga nr. 161/2002 girði fyrir ákvæði um skyldu til upplýsingagjafar skv. lögum nr. 30/2003 enda er í þeim lögum að finna fjölmörg ákvæði um upplýsingagjöf án þess að þess sé getið sérstaklega með undanþágu frá 58. gr. laga nr. 161/2002.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir